



Bæjarráð Akraneskaupstaðar

Akranes, 29. september 2020

PHJ

**Efni: Rekstrarniðurstaða samstæðureiknings á tímabilinu janúar til lok ágúst mánaðar á árinu 2020**

## A-hluti

### Rekstrarreikningur

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð og nam 175 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 39 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð og nam 123,5 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 30 m.kr. rekstrartapi fyrir fjármagnsliði.

Rekstrartekjur tímabilsins námu samtals 4.835 m.kr. og voru því samtals 93 m.kr. yfir áætlun eða sem nemur 2,0%. Helstu frávik á tekjum tímabilsins í fjárhæðum talið voru þær að skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs voru rúmum 39 m.kr. yfir áætlun, arður af eignum tæpum 20 m.kr. undir áætlun og aðrar tekjur voru 61 m.kr. yfir áætlun og ber þar helst gatnagerðargjöld sem eru tæpum 47 m.kr. yfir áætlun sem og tekjur slökkvistöðvar og slökkvibíla sem eru tæpum 11 m.kr. yfir áætlun.

Tekjur samtals í m.kr.	8m 2020	Áætlun	Frávik í	
			m.kr.	Frávik í %
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs	-3.486	-3.446	-39	1,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	-839	-839	-1	0,1%
Arður af eignum	-51	-71	20	-27,8%
Endurgreiðslur	-81	-70	-12	16,7%
Aðrar tekjur	-378	-316	-61	19,4%
Samtals	-4.835	-4.742	-93	2,0%

Heildargjöld tímabilsins námu samtals 4.578 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir gjöldum að fjárhæð 4.635 m.kr. og eru gjöld tímabilsins því rúmum 56 m.kr. undir því er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur -1,2%.

Helstu frávik á gjöldum tímabilsins í fjárhæðum talið eru þau að launagjöld án lífeyrisskuldbindinga eru tæpum 33 m.kr. yfir áætlun (1,1%) og vörukaup eru 28 m.kr. yfir áætlun en á móti eru styrkir og framlög -46 m.kr. undir áætlun og þjónustu- og orkukaup eru -68 m.kr. undir áætlun.



Gjöld samtals í m.kr.	8m 2020	Áætlun	Frávik í	
			m.kr.	Frávik í%
Launagjöld án lífeyrisskuldbindingar	2.995	2.962	33	1,1%
Lífeyrisskuldbinding	302	302	0	0,0%
Vörukaup	147	118	28	24,1%
Þjónustu- og orkukaup	817	886	-69	-7,7%
Styrkir og framlög	316	362	-46	-12,8%
Eignakaup	0	0	0	-100,0%
Annar rekstrarkostnaður	2	4	-3	-58,6%
Samtals	4.578	4.635	-56	-1,2%

Afskriftir tímabilsins námu 133 m.kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir 137 m.kr.

Fjármagnstekjur tímabilsins námu samtals 106,6 m.kr. og fjármagnsgjöld sama tímabils námu samtals 55 m.kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu því samtals tæpum 52 m.kr. en áætlanir tímabilsins höfðu gert ráð fyrir því að fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, myndu nema 69 m.kr. en innlánsvextir hafa lækkað umtalsvert síðastliðnu mánuði.

Framlegð A-hluta á tímabilinu eða EBITDA tímabilsins nam því 256,5 m.kr. og er 149 m.kr. yfir áætlun en áætlanir gerðu ráð fyrir því að framlegð A-hlutans myndi nema 107 m.kr. og er framlegðarhlutfall tímabilsins (EBITDA framlegð) því 5,3% á tímabilinu en áætlanir höfðu gert ráð fyrir því að framlegðarhlutfall A-hlutans myndi nema 2,3%.

## Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra rekstrarfjármuna í lok tímabilsins (31.8.2020) nam 6.170 m.kr. og eru varanlegir rekstrarfjármunir því að aukast um 647 milljónir króna frá árslokum 2019 eða sem nemur 11,7%. Helsta breyting þar er sú að jákvæð eignabreyting á tímabilinu nemur 780 m.kr. og er það að mestu tilkomið vegna framkvæmda á Fimleikahúsi (352 m.kr.) og Dalbrautarreit (321 m.kr.) til lækkunar koma gatnagerðargjöld að fjárhæð 160 m.kr.

Áhættufjármunir og langtímakröfur nema 5.703 m.kr. í lok tímabilsins og lækka því um tæpar 172 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur -2,9% og er sú breyting að mestu tilkomin vegna lækkunar á langtímakröfum (-228 m.kr.) sökum þess að Orkuveita Reykjavíkur er að greiða eigendalán sitt hraðar niður en greiðsluáætlun gerði upphaflega ráð fyrir. Fastafjármunir í lok tímabilsins nema samtals 11.873 m.kr. og aukast því um rúmar 475 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur 4,2%.

Vörubirgðir nema í lok tímabilsins kr. 624.770 og eru óbreyttir frá áramótum 2019.

Skammtímakröfur samtals í lok tímabilsins nema 1.250 m.kr. en námu 1.110 m.kr. í árslok 2019 og aukast því um 140 m.kr. eða sem nemur 12,6%. Þar af aukast óinnheimtar tekjur um 116 m.kr. en næsta árs afborgun langtímakrafna lækkar á móti um 56,5 m.kr.



## Akraneskaupstaður

Bankainnistæður námu 1.900 m.kr. í lok tímabils og hafa því lækkað um -212 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur -10,0%. Veltufjármunir samtals í lok tímabils nema 3.150 m.kr. og hafa lækkað um 72 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur -2,2%. Bókfært virði eigna í lok tímabils nemur 15.023 m.kr. og hækkar því um 403 m.kr. frá árslokum 2019 (2,8%).

Veltufjárhlutfall A-hluta í lok tímabils, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtíma skuldum, nemur 2,1 og er A-hlutinn því mjög vel hæfur til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu 12 mánuðum. Eiginfjárhlutfall A-hluta nemur 57% í lok tímabilsins. Skuldahlutfallið er því 43% í lok tímabilsins.

### Skuldir og eigið fé

Eigið fé í árslok 2019 nam 8.340 m.kr. en nemur í lok tímabils, þ.e. 31.8.2020, 8.515 m.kr. og eykst í samræmi við rekstrarniðurstöðu tímabilsins þ.e. 175 m.kr.

Skuldbindingar nema 4.132 m.kr. og aukast um 198 m.kr. og er sú hækkun tilkomin vegna hækkunar á lífeyrisskuldbindingu.

Langtímaskuldir nema í lok tímabils 842 m.kr. en námu 979 m.kr. í árslok 2019 og lækka því um rúmar 137 m.kr. en sú breyting er tilkomin af afborgunum lána (173 m.kr.) og lækkun á næsta árs afborgunum (36 m.kr.).

Skammtímaskuldir nema samtals í lok tímabils 1.534 m.kr. en námu 1.367 m.kr. í árslok 2019 og hækka því um rúmar 167 m.kr. á tímabilinu. Þar af eru viðskiptaskuldir að lækka um 61 m.kr. en að sama skapi eru aðrar skammtímaskuldir að aukast um 290 m.kr. og er nettó breyting á skammtímaskuldum því samtals hækkun sem nemur 167 m.kr.

Aukning á öðrum skammtímaskuldum (+290 m.kr.) er mestu leyti tilkomið að því að reiknuð laun sem nemur rúmum 255 m.kr. eru bókuð í lok ágúst en greidd út 1. september.

Lækkun á viðskiptaskuldum frá áramótum (-62 m.kr.) er að mestu tilkomið vegna greiðslum og þar af leiðandi lækkun á viðskiptamannaskuldum frá Þjónustusvæði Vesturlands (8,5 m.kr.), Spennt ehf. (31,6 m.kr.) og Þrótti ehf. (12,9 m.kr.).

Skuldir og skuldbindingar í lok tímabils nema samtals 6.508 m.kr. en námu 6.280 í árslok 2019 og hafa því lækkað um 228 m.kr. samtals eða um 3,6%. Skuldir og eigið fé í lok tímabils nema samtals 15.023 m.kr. og aukast um 403 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur 2,8%.



## Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur tæpum 623 m.kr. en þar af nema reiknaðar afskriftir 133 m.kr. og breyting lífeyrisskuldbindinga 302 m.kr. Breytingar á skammtímalíðum eru jákvæðar og nema samtals 12 m.kr. og er handbært fé frá rekstri því jákvætt á tímabilinu og nemur 635 m.kr.

Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -541 m.kr., þar af er fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir samtals -780 m.kr. Það sem breytir þar mestu um eru framkvæmdir við Fimleikahús (352 m.kr.) og Dalbrautarreitir (321 m.kr.) en til lækkunar koma gatnagerðargjöld (160 m.kr.).

Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -306 m.kr. en þar af er greidd lífeyrisskuldbinding að fjárhæð -104 m.kr. sem og afborganir langtímalána að fjárhæð -196 m.kr. Handbært fé lækkar því um 212 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 1.900 m.kr. en nam 2.112 m.kr. í árslok 2019.

## B-hluti

### Rekstrarreikningur

Tekjur B-hluta námu samtals 771 m.kr., þar af námu tekjur hjá Höfða dvalar- og hjúkrunarheimili 711 m.kr. og tekjur hjá Gámu námu 60 m.kr., en áætlanir höfðu gert ráð fyrir að tekjur B-hlutans samtals myndu nema 778 m.kr. og voru því tekjur 7,1 m.kr. undir því er áætlað var eða sem nemur -0,9%.

Gjöld B-hlutans á sama tímabili, án afskrifta og fjármagnsliða, námu samtals 775 m.kr. og voru því -7,4 m.kr. (-0,9%) undir því er áætlanir höfðu gert ráð fyrir.

Afskriftir tímabilsins námu 17,5 m.kr. og fjármagnsgjöld, umfram fjármagnstekjur, námu samtals 11,7 m.kr. Rekstrarniðurstaða B-hlutans á tímabilinu er því neikvæð sem nemur 32,8 m.kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 33,8 m.kr. Rekstartap fyrir fjármagnsliði nam 21,1 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 21,4 m.kr. í rekstartap fyrir fjármagnsliði.

Framlegðarhlutfall B-hlutans nemur því -0,5% á tímabilinu en áætlanir tímabilsins gerðu einnig ráð fyrir -0,5% framlegðarhlutfalli.



## Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins nam 500,3 m.kr. og lækkar því um 2,8 m.kr. frá árslokum 2019, þar af lækkar bókfært virði fasteigna, lóða og lenda um -19,5 m.kr. Engir áhættufjármunir og langtímakröfur eru bókfærðir í B-hlutanum og því eru fastafjármunir samtals í lok tímabilsins 500,3 m.kr. og lækka um 2,8 m.kr. frá árslokum 2019 (-0,5%).

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema 26,1 m.kr. en námu 48 m.kr. í árslok 2019 og lækka því um -22 m.kr. Handbært fé nemur í lok tímabils 207 m.kr. og hækkar því um 20 m.kr. frá árslokum 2019. Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 233 m.kr. og lækka því um 1,8 m.kr. frá árslokum 2019. Bókfært virði eigna í lok tímabils nemur 734 m.kr. en nam 738 m.kr. í árslok 2019.

Veltufjárhlutfall B-hluta í lok tímabils nemur 0,9 en var 1,1 í árslok 2019. Eiginfjárhlutfall B-hluta nemur 29% í lok tímabilsins en nam 33% í árslok 2019.

## Skuldir og eigið fé

Eigið fé í árslok 2019 nam 247 m.kr. en nemur í lok tímabils, þ.e. 31.8.2020, 214 m.kr. og lækkar í samræmi við rekstrarniðurstöðu tímabilsins þ.e. -32,8 m.kr.

Skuldbindingar nema 29,5 m.kr. og haldast nær óbreytt frá áramótum.

Langtímaskuldir nema í lok tímabils 244 m.kr. en námu 250,5 m.kr. í árslok 2019 og lækka því um rúmar 6 m.kr.

Skammtímaskuldir nema samtals í lok tímabils 246 m.kr. en námu 212 m.kr. í árslok 2019 og aukast því um 34 m.kr. á tímabilinu.

Skuldir og skuldbindingar í lok tímabils nema samtals 520 m.kr. en námu 491 í árslok 2019 og hafa því aukist um 28 m.kr. samtals eða um 5,8%.

Skuldir og eigið fé í lok tímabils nema samtals 734 m.kr. og lækka um 4,5 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur -0,6%.

## Sjóðstreymi

Veltufé til rekstrar B-hlutans á tímabilinu nemur 9,1 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema 50 m.kr. og nemur handbært fé frá rekstri á tímabilinu því 41 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema -14,7 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -6,4 m.kr. þar af nema afborganir langtímalána -11,4 m.kr. og breyting á eigin fyrirtækjum 5,5 m.kr. Handbært fé hækkar því um 20 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabils 207 m.kr. en nam rúmum 187 m.kr. í árslok 2019.



## Samstæða

### Rekstrarreikningur

Tekjur samstæðunnar námu 5.541 m.kr. á tímabilinu en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 5.452 m.kr. og eru tekjur því samtals 89 m.kr. yfir áætlunum eða sem nemur 1,6%. Helstu frávik í fjárhæðum talið eru þau að skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs voru 39 m.kr. yfir áætlun, arður af eignum er 20 m.kr. undir áætlun og aðrar tekjur eru 58 m.kr. yfir áætlun en þar af voru tekjur gatnagerðargjöld 47 m.kr. yfir áætlun og tekjur slökkvistöðvar og slökkvibíla 11 m.kr. yfir áætlun.

Tekjur samtals í m.kr.	8m 2020	Áætlun		
		tímabils	Frávik í m.kr.	Frávik í %
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs	-3.484	-3.445	-39	1,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	-839	-839	-1	0,1%
Arður af eignum	-52	-72	20	-27,8%
Endurgreiðslur	-110	-99	-12	11,7%
Aðrar tekjur	-1.056	-998	-58	5,8%
Samtals	-5.541	-5.452	-89	1,6%

Gjöld samstæðu, án afskrifta og fjármagnsliða, á sama tímabili námu samtals 5.288 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 5.349 m.kr. og eru gjöld tímabilsins því rúmum 60 m.kr. undir því er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur -1,1%.

Helstu frávik í gjöldum samstæðunnar, í fjárhæðum talið, eru þau að launagjöld án lífeyrisskuldbindinga eru tæpum 26 m.kr. yfir áætlun (0,7%) og vörukaup eru 39 m.kr. yfir áætlun en upp á móti þá er þjónustu- og orkukaup samtals 77 m.kr. undir áætlun og styrkir og framlög rúmum 46 m.kr. undir áætlun (frekari skýringar á frávikum í A- hluta).

Gjöld samtals í m.kr.	8m 2020	Áætlun		
		tímabils	Frávik í m.kr.	Frávik í %
Launagjöld án lífeyrisskuldbindingar	3.590	3.564	26	0,7%
Lífeyrisskuldbinding	303	303	0	0,0%
Vörukaup	207	168	39	23,5%
Þjónustu- og orkukaup	870	947	-77	-8,1%
Styrkir og framlög	316	362	-46	-12,8%
Eignakaup	0	0	0	-100,0%
Annar rekstrarkostnaður	2	4	-3	-58,3%
Samtals	5.288	5.349	-60	-1,1%

Afskriftir tímabilsins námu samtals 150 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 155 m.kr.



## Akraneskaupstaður

Fjármagnstekjur tímabilsins námu samtals 106,7 m.kr. á tímabilinu og fjármagnsgjöld á sama tíma námu 66,5 m.kr. Fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, námu því samtals 40,2 m.kr. en áætlanir tímabilsins gerðu ráð fyrir að fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld myndu nema 56,5 m.kr. Helsta ástæða þessa eru lægri innlánsvextir en gert var ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða samstæðu á tímabilinu er því jákvæð og nemur 143 m.kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 5 m.kr., rekstrarniðurstaða samstæðunnar er 137 m.kr. umfram áætlun. Helstu frávik frá áætlun eru sundurliðuð hér :

-5.061.728	Áætluð rekstrarniðurstaða tímabils
-39.136.004	Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs, yfir áætlun
19.922.719	Arður af eignum, undir áætlun
-58.004.823	Aðrar tekjur, umfram áætlun
25.955.085	Launagjöld án lífeyrisskuldbindinga, umfram áætlun
39.383.827	Vörukaup, yfir áætlun
-76.674.905	Þjónustu- og orkukaup, undir áætlun
-46.156.314	Styrkir og framlög, undir áætlun
16.373.848	Fjármagnsliðir, undir áætlun
-19.164.883	Annað
<hr/>	
-142.563.178	Rekstrarniðurstaða tímabils
-142.563.178	Raun rekstrarniðurstaða tímabils

Framlegð tímabilsins eða EBITDA tímabilsins nemur því samtals 253 m.kr. og framlegðarhlutfallið (EBITDA hlutfall) nemur 4,6% hjá samstæðunni en áætlanir gerðu ráð fyrir því að framlegðin myndi nema rúmum 103 m.kr. og að framlegðarhlutfallið myndi nema 1,9%.

### Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins nema 6.670 milljónum króna og hækka því um 644 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur 10,7%. Helstu breytingar eru þær að eignabreytingar tímabilsins nema samtals 797 m.kr. og munar þar mest um framkvæmdir á Fimleikahúsi sem nemur 352 m.kr. og framkvæmdir við Dalbrautarreit sem nema samtals 321 m.kr. Gatnagerðargjöld koma til lækkunar að fjárhæð 160 m.kr.

Áhættufjármunir og langtímakröfur námu samtals kr. 5.395 m.kr. í lok tímabilsins og lækka því um 172 m.kr. frá árslokum 2019 en þar af lækka langtímakröfur um 228 m.kr. (niðurgreiðsla af eigendaláni OR). Fastafjármunir í lok tímabilsins nema samtals 12.065 m.kr. og hafa þar af leiðandi aukist um 472 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur 4,1%. Vörubirgðir nema kr. 624.770 í lok tímabils og breytast ekki frá áramótum 2019.

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema 1.251 m.kr. en námu 1.133 m.kr. í árslok 2019 og aukast því um 118 m.kr. (sjá frekari sundurliðun í A-hluta). Handbært fé í lok tímabilsins nemur 2.107 m.kr. og hefur því lækkað um 192 m.kr. frá árslokum 2019 eða sem nemur -8,3%.





## Akraneskaupstaður

Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 3.359 m.kr. og lækka um 74 m.kr. frá árslokum 2019. Bókfært virði eigna í lok tímabils nemur 15.424 m.kr. og eykst um 2,7% frá áramótum.

Veltufjárhlutfall samstæðu í lok tímabils nemur 1,9 og lækkar lítillega frá áramótum (2,2). Samstæðan er vel hæf til að inna af hendi allar nauðsynlegar greiðslur á næstu 12 mánuðum. Eiginfjárhlutfall samstæðu nemur 55% í lok tímabilsins og skuldahlutfall nemur 45%.

### Skuldir og eigið fé

Eigið fé nemur í lok tímabils 8.421 m.kr. en nam 8.279 m.kr. í árslok 2019 og eykst um 143 m.kr. á tímabilinu í samræmi við rekstrarniðurstöðu tímabilsins. Lífeyrisskuldbinding nemur í lok tímabils 4.161 m.kr. og hækkar því um sem nemur 199 m.kr. á tímabilinu.

Langtímaskuldir nema í lok tímabils 1.086 m.kr. og lækka um 144 m.kr. frá árslokum 2019 en þar af lækka skuldir við lánastofnanir um 159 m.kr. Skammtímaskuldir nema samtals 1.756 m.kr. í lok tímabils og aukast því um 12,9% eða um 201 m.kr. Þar af aukast aðrar skammtímaskuldir um 325 m.kr. (sjá frekari skýringar í A-hluta).

Skuldir og skuldbindingar samtals í lok tímabils nema samtals 7.003 m.kr. en námu 6.747 m.kr. í árslok 2019 og hækka því um 256 m.kr. eða sem nemur 3,8%. Skuldir og eigið fé nema í árslok 15.424 m.kr. og aukast um 398 m.kr. á tímabilinu eða sem nemur 2,7%.

Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri nema 2,1 en námu 1,2 í árslok 2019, sú breyting er eðlileg þar sem hlutfallið nú miðast við átta mánuði ársins, þ.e. veltufé frá rekstri fyrir átta mánuði ársins sem hlutfall af langtímaskuldum en hlutfallið 1,2 miðar við veltufé frá rekstri fyrir tólf mánuði ársins sem hlutfall af langtímaskuldum.

### Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur tæplega 614 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema samtals 62 m.kr. og er handbært fé frá rekstri á tímabilinu því jákvætt sem nemur 676 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -555 m.kr., þar af nemur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum -795 m.kr. en breyting á langtímakröfum 239 m.kr.

Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -312 m.kr. en þar af er greidd lífeyrisskuldbinding sem nemur -105 m.kr. og afborganir langtímalána að fjárhæð -208 m.kr. Handbært fé lækkar því um 192 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 2.107 m.kr. en nam 2.299 m.kr. í árslok 2019.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

  
Þorgeir Halsteinn Jónsson  
Fjármálastjóri  
